

8. gr.

Nr. 46.

10.
nóvbr.

Brot gegn 2. og 5. gr. varða sektum, frá 10—100 kr., sem renna í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið. Skal farið með þau mál sem almenn lögreglumál.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 10. nóvember 1913.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

H. Hafstein.

Viðaukalög

við lög nr. 24, 9. júlí 1909, um samþykktir um kornforðabúr til skepnufóðurs.

Nr. 47.

10.
nóvbr.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur.

Vinda og Gauta, hertogi í Sljessvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,

Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Nú vill hreppur eða sýsla tryggja sjer kornforða á þann hátt, að semja við kaupfjelag eða kaupmann um að hafa fyrirbyggjandi ákveðinn kornforða á tímabilinu frá 1. janúar til maímánaðarloka til ráðstöfunar fyrir sveitarstjórn eða sýslunefnd, þá skal gera samþykkt þar um fyrir hreppinn eða sýsluna á þann hátt, sem fyrir er mælt í lögum um kornforðabúr til skepnufóðurs. Í samþykkt má ákveða meðal annars um kostnað við geymslu forðans og ábyrgð og hversu kostnaður sá greiðist.

2. gr.

Nú er kornið látið ónotað að því sinni, eða einhver hluti þess, og kemur til kasta sýslunefndar eða hreppsnefndar að greiða umsamdan kostnað af þessum hluta kornsins, og fæst þá helmingur hans endurgreiðdur af landssjóði, þó eigi yfir 80 aura fyrir 100 kg. korns í hinum ónotaða hluta forðans.

3. gr.

Samning þann, sem hjer ræðir um, svo og reikningsskil fyrir notkun forðans og kostnaðinum, skal senda stjórnarráðinu, svo að glögglega verði sjeð, hvað lands-sjóði ber að greiða.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 10. nóvember 1913.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

H. Hafstein.